

Fundur 13.1.2025 Ken Are af ætt Neanderdalsmanna.

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið.*

Tala ég við ykkur og gleður það mig að komast í sambandið, er það mikil orkan hér í stjörnusambandsstöðinni og hefur mér fundist það stórkostlegt, að eftir að ég komst á framfara brautina get ég sent orku til allra sem tengjast mér og okkar þjóð og getum við stuðlað að jákvæðum tengslum og kærleiksrikum við annað fólk, hvort sem það er fjarskyt okkur eða ekki.

Er ég mikið úti eins og áður og hef ég á mörgum framlífs hnöttum sinnt því starfi svo til eingöngu að skila til baka til náttúrunnar öllu því sem okkar tegund tók og þurfti á að halda á þroskabraut sinni.

Og hef ég fylgst með því af áhuga þegar ættingjar okkar hafa við ykkur talað og höfum við kvíslast og greinst í margar áttir og misproskaðar.

Eitt sinn um langt skeið í gegnum margar jarðvistir og framlífsvistir, þegar ég ekki einu sinni spurði mig neinna spurninga um það hvers vegna veröldin starfaði með ákveðnum hætti.

Þá var ég undir töfralækninum og töfrashamaninum seldur, og gegndi ég því hlutverki að vera veiðimaður, en svo í öðrum framlífstilverum á jörðum þeim sem ég lifði, þá gegndi ég hlutverki Shamansins og lærði ég þá fjölmargar helgireglur og helgisiði, sem ég að vísu ekki skildi fullkomlega þá, en að því kom í seinni jarðlífsvistum að ég spurði mig spurninga og tegund okkar fór að þróast og fullkomnast, og fórum við að spyrja okkur sömu spurninga og tegund ykkar gerði þegar hún þróaðist upp úr dýraríkinu og sá stjórnur og tungl, og árstíðirnar fjórar, tók eftir árstíðunum fjórum og ótal mörgum öðrum aðriðum.

Hér á þessum framlífs hnöttum mínum hef ég, 4 eru þeir framlífs hnettir, þegar ég fór að nota sömu shamanisku aðferðirnar við að senda til náttúrunnar sömu líforku og krafta og við tókum þegar við veiddum okkur til matar og drápum fjölmörg dýr á æfiskeiðum okkar.

Og höfum við fyrir löngu lært að þurfa ekki að komast af með mat, en ná næringu úr umhverfinu og magna líforku hvers annars með ást og kærleika og höfum við reynt að greiða skuldina við náttúruna með því að senda þessa líforku til baka.

Er ég af fjarskyldum ættbálki Neanderdalsmannanna og kann ég ekki að nefna þann ættbálk, en mun hann væntanlega fá nafn af vísindamönnum ykkar í framtíðinni, en vorum við uppi í Kenía og dreifðumst svo til Austurríkis og fleiri landssvæða í gegnum Frakkland, Ítalíu og fleiri lönd.

*Vertu velkominn.*

Já þakka ég fyrir,

*Er það ekki erfitt líf ?*

Erfitt líf jú, var það verra um tímabil þar sem við, ég tel að það séu fleiri en hundrað æfiskeið þar sem ofbeldið jókst í okkar samfélagi og beindist það gegn öðrum mönnum, en svo liðu þeir tíma og stofn okkar þróaðist og fullkomnaðist og þótt við höfum aldrei náð sömu tækniframförum og sumar aðrar tegundir, höfum við náð jafn langt í kærleika og friði.

Og lengra en sumar þjóðir, já ég þakka fyrir, nafn mitt er Ken Are og þakka ég fyrir og vona ég að við getum komið síðar, nauðsynlegt að senda til baka já þökk náttúrunnar.

Já þakka ég fyrir verið þið sæl.

*Vertu sæll og þakka þér fyrir komuna.*